



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## **Þýska 2 (TYS1B06)**

### **Háskólabrú**

### **Áfangalýsing**

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu og sögu þýskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Nemendur þurfa í auknum mæli að tjá sig munnlega og textar verða smám saman lengri og þyngri. Nemendur læra að versla og fá og miðla upplýsingum um verð, spyrja og vísa til vegar, staðsetja sig, lýsa ólíkum borgum, tjá sig um áhugamál sín, gefa og þiggja ráð og tjá sig um atburði sem gerst hafa í fortíð. Stuðst verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem tekið er mið af markmiðum áfangans. Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli, og á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með efni utan kennslubókarinnar meðal annars smásögu, myndbönd, leiki og ýmislegt efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær þýskumælandi menningarheimi og eflir menningarlæsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

### **Forkröfur**

Þýska 1.

### **Prep**

Áfanginn er á 1. þrepi.

### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans
- grundvallarþáttum þýsks málkerfis: framburði, áherslu og einfaldri setningaskipan

- þýskumælandi löndum, og fengið innsýn í menningu og siði þjóðanna
- einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu mál.

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt, t.d. einfaldar leiðbeiningar, fyrirmæli og stuttar frásagnir
- lesa lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- afla sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga og taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir með því að beita kurteis- og málvenjum við hæfi
- skrifa stutta texta í nútíð og liðinni tíð, svo sem bréf, skilaboð, boðskort, samtöl, leiðarlýsingar o.fl
- geta sagt frá og lýst liðnum atburðum og reynslu í stuttu máli
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi
- nota meginreglur í málfræði.

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja talað mál um kunnuglegt efni
- skilja meginatriði lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða
- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt
- geta metið eigið vinnuframlag og kunnáttu
- tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og öðlast trú á eigin getu í faginu.

### **Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.